

Þá er mál þetta féll í rétt þann 13. júní þ. á. skýrði áfrýjandinn frá, að hann, út af hinum áfrýjuðu réttargjörðum, þyrfti að fá frest til þess að taka upp þingsvitni, og fékk þar næst veittan frest til þess 5. septbr. þ. á., en að honum liðnum krafðist hann, án þess að útlista málið að aðalefninu, að sér yrði veittur ennfremur 3 vikna frestur í því.

Með því nú hinn stefndi að sínu leyti hefir mót-mælt lengingu á hinum veitta fresti, og áfrýjandinn heldur ekki hefir leitt rök að því, að honum ekki sé um að kenna, að hið umrædda þingsvitni ekki enn er fengið, né einu sinni fært sönnur á, að hann hafi beiðst vitnaleiðslunnar hjá hlutaðeigandi dómara, getur ekki verið ástæða til að veita lengingu á frestinum, og með því málið sjálft ekki hefir verið útlistað, ber samkvæmt kröfu hins stefnda að vísa stefnunni frá yfirdóminum, og dæmist hinum stefnda »kostur og tæring« af hendi áfrýjandans með 10 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Stefnunni í máli þessu visast frá yfirdóminum. Áfrýjandanum, Jóni presti Bjarnasyni, ber að greiða hinum stefnda, Friðriki uppgjafapresti Eggerz 10 kr. í kost og tæring.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 7. nóvbrmán.

Nr. 16/1881

Jón landshöfðingjaritari Jónsson
gegn

yfirkennara H. K. Friðrikssyni

D ó m u r:

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykja-

vikurkaupstaðar 21. dag júlímán. þ. á., var landshöfðingjaritari Jón Jónsson dæmdur fyrir meiðandi ummæli um yfirkennara H. K. Friðriksson til að lúka 50 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef hann ekki greiddi sektina í ákveðinn tíma, til einfalds fangelsis í 15 daga. Svo eru og hin meiðandi ummæli dæmd dauð og ómerk, og loks er hann dæmdur til að greiða H. K. Friðrikssyni 10 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Jón landritari Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 8. f. m., og þar krafist *fyrst og fremst*: að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur, málinu vísað frá héraðsdómnum, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða sér kost og tæring fyrir héraðsdómi og málskostnað fyrir yfirdómi, *en til vara*: að hann verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum mótpartsins, og að hinn stefndi verði dæmdur til að borga sér allan af málinu í héraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað.

Á hinn bóginn hefir hinn stefndi, H. K. Friðriksson, krafist, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr. eða einhverju nægilegu eftir mati réttarinn.

Tildrög máls þessa eru þau, að áfrýjandi lét 20. maímán. næstl. festa upp auglýsingu á ýms hús hér í Reykjavík og búðum hér um fundarhald til að ræða um skólamál Reykvíkinga, og segir meðal annars í þessu fundarboði: »Ef Halldór K. og hans félagar (t. d. Dr. Faust) verða« o. s. frv. Þessi orð áleit hinn stefndi meiðandi fyrir sig, og höfðaði því mál það, sem hér er áfrýjað.

Að því aðalkröfu áfrýjanda snertir, sem sé, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og honum dæmt kostur og tæring hjá hinum stefnda, þá heldur hann því fram,

kröfu þessari til styrkingar, að lögleg sáttatilaun ekki hafi fram farið í málinu. En þessa skoðun hans getur yfirdómurinn ekki aðhylst; sáttatilaun sú, sem gerð hefir verið í málinu, er að öllu leyti lögmæt, og verður því aðalkrafa hans ekki tekin til greina.

Þar sem hann þvínæst sem sýknaðstæðu hefir haldið því fram, að hin greindu orð, sem málið er risið útaf, séu ekki meiðandi fyrir hinn stefnda, þá hefir hann tekið fram, að sá Dr. Faust, sem nefndur er í auglýsingunni, eigi að tákna einn nú lifandi pólitískan féлага hins stefnda, er alment sé nefndur Dr. Faust, en alls ekki þann Dr. Faust, er hinn stefndi tilnefnir.

Það er nú hvorttveggja, að réttargjörðirnar ekki bera með sér, hver sé þessi pólitíski félagi hins stefnda, er alment sé nefndur Dr. Faust, enda verður yfirdómurinn að álíta, að þegar Dr. Faust er nefndur svona blátt áfram án þess að tilgreint sé, hver Faust það sé, þá komi engum til hugar, að við annan Dr. Faust sé átt en þann, sem hinn stefndi hefir lýst þannig, að hann hafi ofurselt sig djöflinum o. s. frv., og því verður yfirdómurinn að álíta, að þar sem áfrýjandi í auglýsingunni hefir gefið í skyn, að félagsskapur væri milli hins stefnda og þessa Dr. Fausts, þá sé þetta meiðandi fyrir hinn stefnda, og því hegningarvert samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga, og virðist hegningin af héraðsdómaranum eftir nefndri laga-grein hæfilega metin 50 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki verður greidd í ákveðinn tíma, 15 daga einfalt fangelsi. Um málskostnað í héraði virðist héraðsdómurinn eiga að vera óraskaður, og svo er og um það ákvæði hans, að hin greindu meiðandi ummæli skuli dauð og marklaus.

Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjandanum einnig

að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandi, Jón landshöfðingjaritari Jónsson, greiði hinum stefnda, yfirkennara H. K. Friðrikssyni, 15 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. nóvembermán.

Nr. 13/1881

Páll Eyólfsson

gegn

Sigurði Jónssyni

D ó m u r :

Í máli þessu lögsækir Páll Eyólfsson gestgjafi Sigurð fangavörð Jónsson fyrir að Sigurður hafi 18 maí þ. á. veitt sér áverka í höfuðið inni í gestgjafahúsi sínu, en jafnframt lögsækir Sigurður Jónsson Pál Eyólfsson fyrir að Páll hafi við nefnt tækifæri kallað sig »svín«, og með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurétti Reykjavíkur kaupstaðar 10. júlí næst á eftir, hafa málspartarnir hvor um sig verið dæmdir í 10 kr. sekt til landssjóðs, eða 2 daga einfalt fangelsi, en málskostnaður verið feldur niður. Dómi þessum hafa báðir málspartar áfrýjað til yfirdómsins, Páll Eyólfsson sem aðaláfrýjandi og Sigurður Jónsson sem gagnáfrýjandi, og hafa hvor um sig krafist að verða dæmdir sýknir af kærnum mótpartsins, en að mótparturinn aftur verði dæmdur í sektir og málskostnað.

Það er löglega sannað með framburði margra vitna, og enda játað af gagnáfrýjanda, að hann 18. maí þ. á.